

## Skólaráðsfundur 6. nóvember 2025

1. Skólaráð. Halla kynnir reglugerð um skólaráð við grunnskóla. Haldnir verða þrjú hefðbundnir skólaráðsfundir í vetur 6. nóvember, 5. febrúar og 7. maí. Ef önnur brýn erindi berast verður kallað til aukafundar. Á fundinum 5. febrúar verður fjallað um og ákveðið efni opins fundar, sem áætlað er að halda í febrúar eða mars, með nemendum, starfsfólki og foreldrum.
2. Starfsáætlun. Halla leggur fram starfsáætlun Grunnskólans á Ísafirði, sem er mjög yfirgripsmikið plagg. Rætt lítillega um námsmat – bókstafi og tákni.
3. Stofnun nemendaráðs. Nemendaráð verður skipað tveimur nemendum úr hverjum árgangi frá 5. bekk upp í 10. bekk. Allir nemendur í þessum árgöngum eiga þess kost að bjóða sig fram og verður kosið í lýðræðislegum kosningum. Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri munu sitja nemendaráðsfundi. Hlutverk nemendaráðs er að auka áhrif nemenda á skólastarfið og efla þannig lýðræði með tilheyrandi jákvæðum áhrifum.
4. Erasmus. Erasmus er evrópskt samstarfsverkefni skóla í Evrópu. Í GÍ er valfag á unglíngastigi fyrir 9.-10. bekk þar sem unglíngarnir fá að koma að ýmiss konar vinnu og gefst jafnvel kostur á heimsækja önnur aðildarlönd. Í vetur eru fyrirhugaðar tvær nemendaheimsóknir – ein til Frakklands og önnur til Þýskalands. Einnig munu gestir frá Grikklandi sækja okkur heim.

Guðlaug Jónsdóttir

Ásgerður Þorleifsdóttir

Ralf Trilla

Jóhanna Ása

Pétur Arnar

Guðmundur Arnar

Halla Magnadóttir.